OPIÐ BRJEF

1
1. mars

um

kosning landskjörinna Alþingismanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt ákvæðum um stundarsakir í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, falla niður árið 1926 umboð þeirra landskjörinna þingmanna, er ekki fóru frá 1922, en svo var um þá aðalþingmennina Sigurð Eggerz, Sigurð Jónsson, sem nú er látinn, og Hjört Snorrason, sem einnig er látinn. En varaþingmenn voru með nefndum aðalþingmönnum kosnir 1916 þeir Gunnar Ólafsson, Magnús Friðriksson og Ágúst Helgason, og fara þessir varaþingmenn einnig frá.

Þarsem þetta er svo, verður kosning nýrra landskjörinna þingmanna að fara fram á þessu ári, og er það allramildilegast vilji Vor, að landskosningar fari fram fimtudaginn 1. júlí 1926 á þremur aðalþingmönnum og þremur varaþingmönnum.

Fyrir því bjóðum Vjer og skipum fyrir allramildilegast, að hinar umgetnu landskosningar skuli fara fram nefndan dag.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 1. mars 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.